



Hr. Jón Kristjánsson
formaður stjórnarskrárnefndar
Stjórnarráðshúsið við Lækjargötu
150 Reykjavík

25. ágúst 2005

Til stjórnarskrárnefndar

Efni:

Tillaga stjórnar Landverndar að ákvæði um umhverfismál í stjórnarskrá Ísland

Ágæta stjórnarskrárnefnd

Innan Landverndar hefur verið nokkur umræða um stjórnarskrárákvæði þar sem tilgreind yrðu nokkur grundvallaratiði er varða verndun umhverfis og nýtingu náttúrugæða. Ýmsar hugmyndir um ákvæði hafa verið ræddar á fundum stjórnar samtakanna og stjórnin hefur nú komið sér saman um eftirfarandi tillögu að ákvæði:

Heilnæmt vatn og loft, náttúran og fjölbreytni hennar, landslag, annað umhverfi og aðgengi að náttúru eru gæði sem allir bera ábyrgð á að nýtt séu með sjálfbærum hætti. Jafnframt skulu borgarar landsins sýna aðgát þannig að náttúru landsins og auðlindum sé ekki spillt. Stjórnvöldum ber að leggja sig fram um að tryggja öllum rétt til heilnæms vatns, lofts og annars umhverfis og aðgengis að náttúru. Allir skulu hafa aðgengi að upplýsingum og ákvörðunum er varða þessa þætti.

Þessi texti er í senn bæði réttar- og ábyrgðarákvæði.

Stjórn Landverndar telur að sú skoðun sé ríkjandi meðal þjóðarinnar að allir þegnar landsins eigi rétt á að lifa í heilnæmu umhverfi sem er laust við hættulega mengun sem spillt getur lífsgæðum og heilsu. Þá ríkir almenn sátt um aðgengi almennings að náttúrunni og rétt einstaklinga til að njóta friðsældar og útivistar. Framangreind tillaga að ákvæði í stjórnarskrána á að endurspegla þennan vilja.

Vitund um mikilvægi þess að vernda náttúru og umhverfi fer sífellt vaxandi. Virkni fjölmargra ferla og hringrásá í náttúrunni eru forsenda mannlífs á Jörðunni. Verði þessum ferlum og hringrásum spillt er grafið undan sjálfum forsendum mannlegs samfélags til lengri tíma litið. Von um skammtíma ávinning getur villt sýn og því er nauðsynlegt að tilgreina í stjórnarskránni að líta beri til langtíma sjónarmiða, eða sjálfbærrar þróunar, við nýtingu náttúraauðlinda.

Ákvæðið tilgreinir það sem grundvallarrétt að búa við umhverfi sem ekki spillir heilsu og eiga aðgang að hreinu vatni. Hér er átt við hreint andrúmsloft og vatn og réttinn til að búa í umhverfi sem er laust við mengun sem kann að spilla lífi og heilsu. Þessu ákvæði er fylgt eftir í löggjöf um hollustuhætti og mengunarvarnir og nýtingu auðlinda.

Tillagan tilgreinir rétt Íslendinga að búa við náttúru, og líffræðilega fjölbreytni, sem, óháð eignarhaldi, er varðveitt eða nýtt með sjálfbærum hætti. Með „náttúru“ er vísað

til dýralífs, gróðurs, jarðminja og landslags. Með „náttúru” er einnig vísað til gæða náttúrunnar sem nýtast manningu í efnahagslegum tilgangi (s.s. lífríkis sjávar, jarðvegs, fallvatna, grunnvatns og jarðhita) og til að auka andlega velferð (s.s. landslags, víðerna, kyrndar og fuglasöngs).

Mikil lífsgæði felast í því að eiga aðgang að óspilltri náttúru. Margir sækja í náttúru landsins lífsfyllingu og unað. Varðveisla náttúruarfsins er því um leið varðveisla mikilvægra lífsgæða. Náttúruverndarlögin tryggja almennarétt og verndun náttúru. Með ákvæði í stjórnarskránni yrði til kjölfesta fyrir náttúruverndarlögin.

Lög um mat á umhverfisáhrifum, skipulags- og byggingalög og lög um aðgengi að upplýsingum opna almenningi aðgang að ákvörðunartöku er varðar umhverfi þeirra og náttúruvernd. Í framangreindri tillögu er þessum lögum fundin tilvísun í stjórnarskránni.

Í stjórnarskránni eru ákvæði um friðhelgi eignaréttisins (72. gr.) og öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa (75. gr.). Til þessara ákvæða er títt vísað við meðferð opinberra mála. Þessi ákvæði eru afar mikilvæg, en geta ein og sér leitt til niðurstöðu sem spillir náttúru og umhverfi. Mikilvægi umhverfis- og náttúruverndar er fyrir löngu viðurkennt með fjölbættri löggjöf og alþjóðlegum samningum. Það er tímabært að staðfesta þetta með viðeigandi ákvæði í stjórnarskránni.

Fjölmargar þjóðir hafa innleitt ákvæði um umhverfisrétt í stjórnarskrá sína.

Í grein 110b í norsku stjórnarskránni segir:

"Enhver har Ret til et Milieu som sikrer Sundhed og til en Natur hvis Produktionsævine og Mangfold bevares. Naturens Ressourcer skulle disponeres ud fra en langsigtig og alsidig Betragtning, der ivaretager denne Ret ogsaa for Efterslægten. For at ivaretagere deres Ret i Henhold til foregaaende Led, ere Borgerne berettigede til Kundskab om Naturmilieuets Tilstand og om Virkningerne af planlagte og iværksatte Indgreb i Naturen. Statens Myndigheder give nærmere Bestemmelser til at gennemføre disse Grundsætninger. (Tilføyd ved grlbest. 19 juni 1992 nr. 463.)"

Í 20 grein finnsku stjórnarskrárinnar segir (ensk þýðing):

„Nature and its biodiversity, the environment and the natural heritage are the responsibility of everyone. The public authorities shall endeavour to guarantee for everyone the right to a healthy environment and for everyone the possibility to influence decisions that concern their own living environment.”

Stjórn Landverndar væntir þess að Stjórnarskrárnefnd taki framangreinda tillögu til umfjöllunar og vonar að hún fái jákvæða afgreiðslu.

F.h. stjórnar Landverndar,
með vinsemd og virðingu,

Tryggvi Felixson framkvæmdastjóri